

Snjómokstursreglur í dreifbýli Borgarbyggðar

1.gr.

Snjómokstursvæði í dreifbýli Borgarbyggðar er skipt í sjö svæði. Umsjón snjómoksturs á hverju svæði skal auglýsa á fjögurra ára fresti með möguleika á framlengingu til eins árs. Snjómokstur er almennt í höndum verktaka og skal sveitarfélagið birta á kortasjá sinni svæðin og umsjónarmenn þeirra.

2.gr.

Almennt skal miðað við að í forgangi séu leiðir sem skólabílar fara um og þar sem börn fara til skóla. Heimreiðar í dreifbýli þar sem skólaakstri er sinnt eru í forgangi og eru þær hreinsaðar virka daga eftir þörfum. Aðrar leiðir og heimreiðar í umsjón sveitarfélagsins koma þar á eftir.

3.gr.

Heimreiðar að bæjum þar sem skráð er föst búseta skv. 2.gr. laga nr. 80/2018, eru hreinsaðar virka daga eftir þörfum að mati snjómokstursverktaka og meðan fært þykir vegna veðráttu, snjóþyngsla og mokstri Vegagerðarinnar. Að mokstri loknum skal vegurinn vera vel ökufær fyrir vetrarbúnaðar bifreiðar. Miðað skal við að mokað sé að innsta bæ hvers afleggjara.

4.gr.

Sveitarfélagið áætlar fjármagni fyrir mokstri í fjárhagsáætlun á ári hverju. Fari snjómokstur fyrirsjáanlega fram yfir áætlaða upphæð áskilur sveitarfélagið sér rétt til þess að kveða nánar á um moksturinn. Slíkar ákvarðanir tekur sveitarstjórn og auglýsir sérstaklega.

5.gr.

Sveitarfélagið annast ekki mokstur eða hálkuvarnir heimreiða að frístundarhúsum, óháð því hvort þar eru skráð lögheimili eða ekki. Sveitarfélagið greiðir ekki snjómokstur eða hálkuvarnir inni á frístundahúsasvæðum. Sveitarfélagið annast ekki mokstur og/eða hálkuvarnir á bílastæðum við fyrirtæki.

6.gr.

Lýsing á gæðum þjónustunnar:

- Ryðja skal allri breidd vegar eins og kostur er.
- Ryðja skal heim að íbúðarhúsi en annar mokstur er á kostnað ábúenda.
- Verktaki skal ekki skilja eftir ruðninga á heimkeyrslum eða afleggjurum.
- Hreinsa ber snjó af heimreiðum svo nærri yfirborði vegar sem kostur er.
- Að mokstri loknum skal vegurinn vera vel ökufær fyrir vetrarbúnaðar bifreiðar og áferð yfirborðsins þannig að vegfarendum stafi ekki hætta af.
- Almennt skal gera ráð fyrir að fært sé fyrir íbúa sveitarfélagsins frá klukkan 7 virka daga. Hreinsa ber snjó af heimreiðum svo fljótt sem unnt er en ávallt með hliðsjón af veðri, færð og veðurspá hvenær rétt sé að ráðast í snjómokstur.
- Verktaki skal vera í góðu samtali við sorphirðuverktaka, félagsþjónustu sveitarfélagsins og heilsugæslu varðandi snjómokstursþjónustu.



BORGARBYGGÐ

7.gr.

Verktaki ber þær skyldur að benda sveitarfélaginu á heimreiðar eða kafla á heimreiðum sem gera mætti breytingar á til þess að draga úr moksturskostnaði. Þá skal verktaki ávallt meta aðstæður og nota tönn eða blásara við moksturinn sem þykir hagkvæmast fyrir sveitarfélagið.

8.gr.

Athugasemdum vegna framkvæmda á snjómokstri skal koma til sveitarfélagsins í gegnum auglýst netfang á heimasíðu sveitarfélagsins.

9.gr.

Borgarbyggð greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs/hálkuveyðingar sem til hefur verið stofnað án hennar samþykkis, að undanskýlinni beiðni um mokstur/hálkuveyðingu sem kemur frá lögreglu, slökkviliði, lækni eða sjúkraflutningamönnum vegna neyðarflutninga og skal þá strax sinna því.

10.gr.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar 1.apríl 2025 og staðfestar á fundi sveitarstjórnar þann 10.apríl 2025.



BORGARBYGGÐ